

## DÓMUR

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 7. desember 2016 í máli nr.

**E-1445/2016:**

**Zeppelin ehf.**

*(Gunnar Sturluson hrl.)*

**gegn**

**Benedikt Kristinssyni**

*(Guðbrandur Jóhannesson hdl.)*

**Iceland Incoming ferðir ehf.**

*(Guðbrandur Jóhannesson hdl.)*

**Vulkan Resor AB**

*(Guðbrandur Jóhannesson hdl.)*

### I. Dómkröfur

Mál þetta var þingfest 12. maí 2016 en tekið til dóms 9. nóvember sl. Stefnandi er Zeppelin ehf., Skeifunni 19 í Reykjavík. Aðalstefndi eru Benedikt Kristinsson, Vännfors 137, S-911 92 Vännä í Svíþjóð, en varastefndi Iceland incoming ferðir ehf., Laugavegi 3 í Reykjavík og þrautavarastefndi Vulkan Resor AB, Box 436, S-901 09 Umeå í Svíþjóð.

Stefnandi gerir þá dómkröfu á hendur aðalstefnda, Benedikt Kristinssyni, að hann verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð 1.837.320 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 6. desember 2014 til greiðsludags.

Verði ekki fallist á kröfu stefnanda gagnvart aðalstefnda gerir stefnandi sömu kröfu á hendur varastefnda og á hendur aðalstefnda Benedikt. Ef ekki er fallist þá kröfu gagnvart varastefnda gerir stefnandi sömu dómkröfu á hendur þrautavarastefnda, Vulkan Resor AB.

Allir stefndu krefjast þess að þeir verði sýknaðir af kröfu stefnanda en til vara að krafa hans verði lækkuð stórlega. Þá krefjast þeir greiðslu málskostnaður úr hendi stefnanda verði krafa þeirra tekin til greina eða til vara að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndu höfðu upphaflega uppi kröfu um frávisun málsins. Með úrskurði dómsins 16. desember 2016 var þeirri kröfu hafnað.

### II. Málsatvik

Ágreiningur máls þessa snýst um ógreiddan reikning sem stefnandi gaf út 26. nóvember 2014 á hendur þrautavarastefnda, Vulkan Resor AB. Reikningurinn hljóðar upp á 1.464.000 krónur, sem að viðbættum virðisaukaskatti nemur stefnufjárhæð málsins. Stefnandi er arkitektastofa og fyrirsvarsmaður hans er Orri Árnason arkitekt. Reikningurinn ber með sér að vera vegna vinnu við verk sem nefnt er „Tryggvagata“.

Ágreiningslaust er að haustið 2013 átti stefnandi frumkvæði að samskiptum við aðalstefnda, Benedikt Kristinsson, í tengslum við kaup á fasteign að Laugavegi 55, 101 Reykjavík eða á félaginu Casa ehf., sem var eigandi fasteignarinnar vegna áforma um að reisa þar hótél. Stefnandi var annar eigandi Casa ehf. en hafði á þeim tíma hug á að selja hlut sinn í félaginu.

Gögn málsins bera með sér að stefnandi og aðalstefndi Benedikt áttu í nokkrum tölvupóstsamskiptum vegna þessa en aðalstefndi notaði þar netfangið Benedikt@vulkanresor.se. Í tölvupósti stefnanda til stefnda Benedikts 20. október 2013 kl. 19.33 kemur fram að áætlaður sé hluthafafundur hjá honum og Braga meðeiganda hans í félaginu Casa ehf. en póstinum segir meðal annars:

„Ég ætla að reyna að þvinga fram samþykkt um sölu til hæstbjóðanda, sem verður væntanlega þú, ef við fylgjum því plani sem við töluðum um. Bragi vill ekki selja húseignina út úr félaginu, Casa ehf., heldur félagið sjálft og er það vegna skattalegs hagræðis. Ég er búinn að kanna það mál hjá virtum lögfræðingi og hann er sama sinnis. Félagið er einfalt og umsvif lítil og því ætti að vera auðvelt að tryggja að engar óeðlilegar kröfur geti komið fram seinna sem myndu lenda á þér.

Til að þetta gangi er auðvitað best að ganga frá öllum lausum endum og þáttur í því er hönnunarsamningur við mig. Því sendi ég þér uppkast að samningi. Þú vilt mikið og það er gott, en því fylgir auðvitað mikil hönnunarvinna og það kostar auðvitað og ég miða mitt tilboð við það. Þessar tölur eru auðvitað ekki heilagar, en eins og ég sagði þér geta þær verið á bilinu 3,5-5% og sjálfsagt hærri eða lægri, en það fer eftir hvað menn vilja, trabant eða bens. Annars held ég að þetta sé ósköp eðlileg þóknun.

Svo er það leikfléttan okkar, en henni getum við gengið frá samhliða samningi, eða eftir á. Ég færi ekki að ganga á bak orða minna í því efni, enda væri ég þá að efna til svo mikils ófriðar við þig að mér væri ekki vært í verkefninu.

Þú kíkir á þetta og lætur mig vita hvernig þetta slær þig. Ég er opinn fyrir öllum hugmyndum og athugasemdum.

Mér finnst málið þokast í rétta átt og til marks um það er sú staðreynd að Bragi hefur leitað til fasteignasala sem eru að kynna eignina. Ég skil það þannig að hann sé tilbúinn að selja.“

Af gögnum málsins verður ráðið að Benedikt hafi svarað þessum tölvupósti samdægurs en í tölvupósti hans til Orra sagði m.a.:

„Við finnum einhverja leið út úr þessu.

Við getum alveg verið til í að kaupa félagið. Það þarf bara að skoða alla samninga sem félagið hefur gert. Helst vildi ég samt sleppa við það.

Þú hefur mitt loforð um að þú verður hönnuður á þessu verkefni. Við verðum samt alltaf að vera með samkeppnishæft verð.

Það verða einnig að vera sömu fyrirvarar á verkaupunum og félagakaupunum. Þeas það verður enginn kostnaður ef við fáum ekki að byggja neitt hótél.

Ég get ekki tjáð mig um samninginn með svona stuttum fyrirvara.

Ég hlakka til að takast á við þetta með þér.

Ein praktísk spurning í lokin. Er ekki hægt að vera með hliðarspurningu þegar við viljum breyta skipulaginu. Þeas að bæta við einni hæð ofaná þar sem pallurinn á að vera. Hvernig á þakið að líta út yfir 5tu hæð?“

Orri svaraði þessum pósti sama kvöld en í svari hans sagði m.a:

„Ég held að það sé ekki inni í myndinni annað en að kaupa félagið, en það er mjög einfalt félag, á eingöngu þessa einu eign og engir bindandi samningar hafa verið gerðir mér vitanlega og ég ásamt Braga þarf að firma allar skuldbindingar.

Auðvitað erum við að tala um samkeppnishæft verð, annað kemur ekki til greina, hvorki af minni hálfu né þinni. Best að vera með allt uppi á borðum. Hvet þig til að kanna verð hjá öðrum almennilegum arkitektastofum.

Ég tel eðlilegt að sömu fyrirvarar gildi auk fyrirvara um könnun á skuldbindingum félagsins.

Við munum vafalaust hafa nokkra daga áður en við náum Braga að landi, þá ætti að hafa unnist tími til að kynna sér samningin, eða drögin að samningi.

Hlakka sömuleiðis mikið til að vinna með þér, mjög spennandi.

Ég held að það sé alveg útilokað að fá hæð ofan á, þar sem pallurinn er hugsaður, vegna skuggavarps á lóðina fyrir aftan.“

Benedikt svaraði þessum pósti í kjölfarið sama kvöld þar sem hann sagðist „ekki reikna með því að það [væri] eitthvað mál að kaupa félagið“.

Mánudagskvöldið 21. október 2013 eftir sendi Orri póst til Benedikts þar eftirfarandi kom m.a. fram:

„Við Bragi áttum fund í dag, á friðsamlegum nótum. Ákveðið var að fá tvo einstaklinga til að skera úr um okkar deilumál, það verður einfalt að mínu mati. Við ætlum báðir að lúta því samkomulagi. Þegar það er í höfn verður gengið í að selja. Þessi fundur sáttasemjara á að fara fram í þessari viku. Hver hlýtur hnosið er auðvitað ekki hægt að fullyrða neitt um, en þú hlýtur að teljast mjög líklegur kandiat, tala nú ekki um ef við leggjumst báðir á árarar.

Þú þarft kannski að koma einhverju umboði til Stefáns?

[...]

Hefur þú kynnt þér hver þóknun arkitektastofa er fyrir sambærileg verkefni? Ég vil endilega hafa allt á hreinu, það er ómögulegt að sitja uppi með einhvern Svarta Pétur.“

Benedikt svaraði tölvupósti Orra sama kvöld þar sem sagði orðrétt: „Þú getur alveg treyst því að við munum vinna saman í þessu.“

Af gögnum málsins verður ráðið að Benedikt og Orri hafi átt í tölvupóstamskiptum 28. – 29. október 2013, 26. nóvember og 29. nóvember 2013, 6. og 14. janúar 2014 og loks 24. apríl og 2. maí 2014. Af þeim samskiptum og fyrri samskiptum verður ráðið að efni tölvupóstanna hafi snúist um hvort Orri gæti leitt deilur sínar við þáverandi meðeiganda að Casa ehf. til lykta þannig að unnt væri að selja félagið.

Þann 9. júlí 2014 sendi Orri síðan Benedikt póst þar sem eftirfarandi kemur fram.

„Hef legið svolítið yfir þessu, einnig kíkti ég á þetta með eldvarnarhönnuði og skv. honum ætti þetta í megindráttum að geta gengið. Eins hef ég stúderað nýju byggingarreglugerðina og þetta virðist í fljótu bragði geta gengið. Niðurstaðan er þá sú að við ættum að ná 74 herbergjum og þau hafa einnig stækkað frá fyrri tillögum, sjá teikningar.“

Rúmlega tveimur klukkustundum síðar sendi Orri Benedikt svo tölvupóst þar sem kom fram að hann hafði gleymt teikningunum í fyrri pósti. Benedikt svaraði þeim pósti samdægurs og sagðist myndu verða í „bandi á morgun með þetta.“ Benedikt sendi Orra síðan tölvupóst 23. júlí 2014 sem bar yfirskriftina „Rekstraráætlun hótél Vulkan.“

Þann 21. september 2014 sendi Benedikt Orra síðan tölvupóst með yfirskriftinni „Tryggvagöturéitur“ en af gögnum málsins verður ráðið að samnefnt skjal í PDF-formi hafi fylgt tölvupóstinum.

Í gögnum málsins kemur fram að Orri hafi verið í samskiptum við Pétur Ármannsson hjá Minjastofnun 8. október 2014 vegna reitsins við Tryggvagötu. Þann 14. október 2014 sendi Orri síðan Benedikt póst þar sem sagði:

„Nú styttist í mánaðamót og ég þarf að greiða laun og reikninga. Hvert á ég að senda reikning vegna vinnu Zeppelin við Tryggvagöturéitinn.“

Ekki verður ráðið af gögnum málsins að Benedikt hafi svarað þessum pósti sérstaklega. Þann 21. október 2014 sendi Orri Benedikt hins vegar annan póst þar sem sagði að hann væri „einnig með þetta prentað út.“ Stefnandi hefur í málinu lagt fram teikningar sem hann kveður hafa verið gerðar í tengslum við verkefnið um Tryggvagöturéitinn.

Orri sendi Benedikt síðan tölvupóst 24. október 2014 þar sem hann spurðist fyrir um hvort Benedikt gæti „reddað“ honum „um ca. 500.000 kr.“ og gaf í því sambandi upp kennitölu og reikningsnúmer Zeppelin ehf. Síðan sagði í

tölvupóstinum:

„Þeir eru tveir starfsmenn hjá mér í vandræðum vegna þess að ég skulda þeim og þyrfti að henda hinn á þá 250 hvorum. Helst fyrir helgi. Við þurfum svo að fara yfir stöðuna og finna einhverja góða tölu, miðað við frekara gott samstarf.“

Ekki er að sjá af gögnum málsins að þessum tölvupósti hafi verið svarað sérstaklega. Ljóst er þó að Orri sendi Benedikt tölvupóst 25. nóvember 2014 þar sem eftirfarandi kom fram:

„Hef ekkert heyrt frá þér í lengri tíma. Ákvað því að senda þér reikning fyrir þeirri vinnu sem ég hef innt af hendi fyrir þig. Sendi reikninginn á Vulkan Resor kr. 1.464.000. Upphæðin innfelur ekki virðisaukaskatt.“

Benedikt svaraði þessum tölvupósti 1. desember 2014 en í þeim pósti sagði:

„Þessi reikningur er ekkert sem við höfum rætt.

Samkvæmt mínum skilningi á voru við í sameiningu að vinnu að þessu máli með sameiginlegri áhættu.

Þar sem ekkert varð af þessu þá falla forsendurnar fyrir þessum reikningi.“

Orri svaraði þessum tölvupósti Benedikts samdægurs en í svari hans sagði m.a:

„Við höfum margrætt það að ég þurfi að fá greitt fyrir mína vinnu, enda er það eðlilegt. Þú hefur hins vegar alltaf komið þér hjá því að setjast niður og ræða þau mál nákvæmlega. Ég hef ekki þann skilning að við höfum verið að vinna í þessu máli með sameiginlegri áhættu, enda ekkert verið rætt um það, hvorki eignarhlut né hvernig skipta skyldi hagnaði ef af yrði. Þú hefur heldur ekki viljað ræða mína hönnunarþóknun ef af yrði. Þannig að ég get með engu móti skilið að þetta hafi verið verkefni með sameiginlegri áhættu.“

Benedikt svaraði tölvupóstinum sama dag þar sem hann kvaðst vera á leið til landsins og nefndi að hann og Orri ættu að geta hist 8. desember og „klárað þetta“. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki séð að þeir hafi átt fund í desember 2014 enda sendi Orri Benedikt tölvupóst 2. janúar 2015 þar sem hann sagðist tilneyddur að láta reikning sinn í innheimtu þar sem hann fengi engin svör frá Benedikt. Benedikt svaraði tölvupóstinum samdægurs þar sem hann kvaðst verða á landinu eftir „ca viku tíu daga“ en þær gætu alltaf tekið símafund. Orri svaraði hins vegar þeim tölvupósti á eftirfarandi hátt:

„Þetta gengur ekki lengur, langt síðan ég vann vinnuna og ég þarf að fá borgað. Get ekki beðið endalaust eftir þessu. Við þurfum engan símafund, en ef þú ert með einhverja tillögu þá er ég tilbúinn að hlusta.“

Benedikt svaraði Orra 2. janúar 2015 en þar sagði:

„Ég mun ekki ræða þetta á maili þar sem hlutir geta misskilist þannig. Að öðru leyti vísa ég í fyrra mail.“

Orri sendi þá í kjölfarið póst til Benedikts þar sem m.a. eftirfarandi kom fram:

„Ég er löngu hættur að skilja þetta. Það er langt síðan ég vann fyrir þig hugmyndir og stærðarpælingar vegna Tryggvagötúreitsins, en áður var ég búinn að eyða óhemju tíma með þér í Laugaveg 55. Ég er nú ekki að ætlast til þess að þú borgir vinnuna vegna Laugavegs, enda var ég að reyna að fá þig til að kaupa hlut okkar Braga. En hið sama á ekki við um Tryggvagötúreitinn. Nú er ég búinn að senda þér reikning fyrir þeirri vinnu, en engar fengið greiðslurnar. Langt er um liðið frá því að ég vann verkið og ég er tekinn að ókyrrast. Ég fer því fram á að þú borgir reikninginn strax, en ef það er eitthvað sem þú vilt skoða og ræða þá finnst mér það vera þitt að hringja í mig með einhverja tillögu.“

Benedikt svaraði póstinum 10. janúar 2015 á eftirfarandi veg:

„Ég hafna þessum reikningi, þannig að ekki er mögulegt að greiða hann. Það er ekkert samkomulag um kaup á þeirri þjónustu sem verið er að rukka.“

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur Orri Árnason, framkvæmdastjóri stefnanda, og aðalstefndi Benedikt Kristinsson.

### **III. Málsástæður aðila**

#### *Málsástæður stefnanda*

Af málalíbúnaði stefnanda er ljóst að hann telur að samningur hafi komist á milli hans og aðalstefnda, en að honum frágengnum, Icelandic Incoming ferðum ehf., ellegar Vulkan Resor AB, um að hann ynni hönnunarvinnu við fasteignir við svonefndan Tryggvagötúreit í Reykjavík. Hann segir að aðalstefndi hafi í júlí 2014 haft samband við hann og óskað eftir því að hann ynni hönnunarvinnu fyrir hann í tengslum við hugmyndir um byggingu hótels á svonefndum Tryggva- og Vesturgötúreit. Verkið hafi einkum falist í vinnu við teikningar og útfærslu á þeim hugmyndum er aðilar höfðu um nefndan reit og samskiptum við opinbera aðila. Á meðan á vinnunni stóð hafi hann verið í stöðugum samskiptum við aðalstefnda gegnum tölvupóst.

Stefnandi vísar til þess að hann hafi áður verið í samskiptum við stefnda Benedikt fram á sumarið 2014 vegna mögulegrar samvinnu um annað verkefni við

breytingar á Laugavegi 55, en úr því hafi þó ekki orðið. Í þeim samskiptum hafi stefnandi þó ítrekað eftir því að samið yrði um þóknun honum til handa ef áformin gengju eftir og stefndu eignuðust Casa ehf. og þar með Laugaveg 55. Vísar stefnandi í því samhengi til tölvupósts, dags. 20. október 2013 (kl. 19:33), þar sem stefnandi sendi honum uppkast að hönnunarsamningi og gaf stefnda Benedikt til kynna að samvinnu þeirra fylgdi mikil hönnunarvinna fyrir stefnanda og að tilboð hans væri miðað við þær kröfur sem stefndi Benedikt gerði. Bendir stefnandi í framhaldinu á að stefndi Benedikt svaraði tölvupóstinum samdægurs og nefndi að hann hefði ekki tók á því að tjá sig um samninginn með svo stuttum fyrirvara.

Stefnandi hafi síðan sent annan tölvupóst (kl. 21:12) til aðalstefnda og ítrekað ummæli sín úr fyrri tölvupósti og hvatti aðalstefnda til þess að kynna sér gangverð fyrir hönnunarþjónustu. Þá hafi stefnandi með tölvupósti, dags. 21. október 2013 (kl. 22:04), ítrekað fyrirspurnir sínar varðandi þóknun sína fyrir vinnu til handa stefnda Benedikt. Þessum tölvupósti hafi aðalstefndi Benedikt svarað samdægurs án þess að minnst væri á samningsverð eða því komið til leiðar að ekki yrði greitt fyrir hönnunarvinnu.

Í júlí 2014 hafi síðan farið af stað viðræður milli aðila á nýjan leik, nú að frumkvæði aðalstefnda Benedikts í tengslum við Tryggva- og Vesturgöturéit, þar sem fyrirhugað var að reisa hótél en svo virtist sem aðalstefndi Benedikt væri að gera tilraunir til þess að tryggja sér eignarhald á umræddum reit. Kveðst stefnandi hafa unnið hönnunarvinnu fyrir aðalstefnda Benedikt í tengslum við hugmyndir um byggingu hótels á nefndum Tryggva- og Vesturgöturéiti, að beiðni Benedikts, sem hafi einkum falist í vinnu við teikningar og útfærslu á þeim hugmyndum er aðilar höfðu um nefndan reit, ásamt samskiptum við opinbera aðila.

Stefnandi vísar til þess að á meðan á störfum stóð hafi hann verið í stöðugum samskiptum við aðalstefnda gegnum tölvupóst, sem geti ekki bent til annars en að vinna stefnanda hafi verið unnin í samræmi við og á grundvelli fyrirmæla aðalstefnda. Stefnandi tekur fram að þessi vinna hafi farið fram á allt öðrum forsendum en vinna hans fyrir aðalstefnda í tengslum við Laugaveg 55. Þannig hafi vinna stefnanda fyrir aðalstefnda vegna Tryggva- og Vesturgöturéits verið unnin að frumkvæði og beiðni aðalstefnda Benedikts án nokkurra annarra undirliggjandi hagsmuna stefnanda að málinu öðrum en að fá greitt fyrir vinnu sína

Þann 14. október 2014 hafi stefnandi sent tölvupóst til aðalstefnda þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvert ætti að senda reikning vegna vinnu stefnanda fyrir aðalstefnda. Stefnandi sendi annan tölvupóst þann 24. október 2014 þar sem óskað var eftir að aðalstefndi greiddi stefnanda 500.000 kr. Þá segi í niðurlagi tölvupóstsins að fara þyrfti „yfir stöðuna og finna einhverja góða tölu“. Ekkert svar hafi hins vegar borist frá aðalstefnda vegna framangreindra tölvupósta.

Þann 26. nóvember 2014 hafi stefnandi síðan gefið út reikning til þrautavarastefnda, Vulkan Resor AB, en samskipti aðila höfðu einkum farið fram í gegnum tölvupóst og virtist netfang aðalstefnda vera skráð hjá því félagi (benedikt@vulkanresor.se). Eindagi reikningsins var 6. desember 2014.

Krafa stefnanda, samkvæmt reikningnum, sundurliðast þannig:

Verk: Tryggvagata – Bjarni september	534.000 kr.
Verk: Tryggvagata – Orri september	180.000 kr.
Verk: Tryggvagata – Bjarni október	582.000 kr.
Verk: Tryggvagata – Orri október	168.000 kr.
Virðisaukaskattur	373.320 kr.
Samtals	1.837.320 kr.

Aðilar málsins hafi síðan átt í nokkrum samskiptum næstu mánuði um reikninginn. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stefnanda til þess að innheimta reikninginn, fyrst sjálfur og síðar með innheimtuaðvörun, dags. 21. desember 2015, hafi ekki tekist að fá kröfuna greidda. Aðalstefndi hafi þannig hafnað greiðslu reikningsins og sé stefnandi þar af leiðandi nauðbeygður til þess að höfða mál þetta til innheimtu skuldarinnar.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því að aðalstefndi hafi, persónulega eða fyrir hönd varastefnda eða þrautavarastefnda, stofnað til kostnaðar sem fólst í því að stefnandi vann tiltekin verk (teikningar, ráðgjöf, samskipti við fagaðila o.fl.) fyrir stefndu án þess að stefndu hafi greitt fyrir þá vinnu.

Stefnandi tilgreinir störf sín fyrir stefndu með nánari hætti í tímaskýrslum stefnanda sem fylgja með reikningi, dags. 26. nóvember 2014. Þannig hafi krafa stefnanda stofnast með þeim hætti að aðalstefndi óskaði eftir tilteknu vinnuframlagi úr hendi stefnanda sem stefnandi innti af hendi. Á grundvelli almennra meginreglna kaupa-, kröfu og samningaréttar beri stefndu að inna úr sinni hendi gagngjald fyrir þá vinnu sem stofnað var til af þeirra hálfu og unnin var í þágu stefndu.

Stefnandi hafnar mótmælum aðalstefnda Benedikts um að ekki hafi verið samið sérstaklega um þjónustuna eða að samið hafi verið um að farið yrði í verkefnið í sameiginlegri áhættu. Bendir stefnandi á að hann hafi í upphafi samstarfsins lagt mikla áherslu á að samið yrði um þóknun fyrir vinnu stefnanda fyrir aðalstefnda. Þannig hafi aðalstefnda ekki getað dulist að verið væri að stofna til kostnaðar sem greiða þyrfti fyrir sanngjarnt endurgjald. Sú staðreynd hafi ekki breyst þrátt fyrir að stefnandi hafi unnið ákveðin verk endurgjaldslaust í tilraun

sinni til þess að gera Casa ehf. og Laugaveg 55 að álitlegri fjárfestingarkosti fyrir aðalstefnda, sérstaklega í ljósi hinna undirliggjandi hagsmuna stefnanda af því tiltekna máli.

Um aðild málsins vísar stefnandi til 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefnandi tekur fram að öll samskipti stefnanda í tengslum við vinnuna fóru í gegnum aðalstefnda. Hins vegar liggi fyrir að aðalstefndi er forsvarsmáður og stjórnandi bæði varastefnda og þrautavarastefnda og hefur þannig heimild til að skuldbinda bæði félögin. Að því gættu óskaði stefnandi sérstaklega eftir upplýsingum um hver yrði greiðandi samkvæmt reikningi án þess að fá svör við þeirri fyrirspurn. Þegar ekki barst svar við fyrirspurn stefnanda, varðandi viðtakanda reikningsins, var reikningurinn gefinn út til þrautavarastefnda, Vulkan Resor AB, en það félag birtist í netfangi aðalstefnda.

Líkt og rakið var hér að framan gerði stefnandi sjálfstæðar tilraunir til þess að innheimta kröfuna síðar og bærust honum þær upplýsingar m.a. frá lögmanni aðalstefnda að vinnan hefði verið unnin í nafni aðalstefnda sjálfs. Stefnanda er þó kunnugt um að aðalstefndi og þrautavarastefndi hafi gert sambærileg tilboð í aðra reiti á Íslandi gegnum, varastefnda, Iceland incoming ferðir ehf., en félagið sé dótturfélag þrautavarastefnda, Vulkan Resor AB. Af því leiðir að ekki sé hægt að útiloka að aðalstefndi hafi stofnað til kostnaðarins í nafni annað hvort varastefnda eða þrautavarastefnda. Ljóst megi vera að ef bæði félögin sem aðalstefndi er í forsvari fyrir hafna því að hafa stofnað til kostnaðarins sé aðalstefndi persónulega ábyrgur fyrir greiðslu skuldarinnar.

Af þeirri ástæðu telur stefnandi nauðsynlegt að beina málatilbúnaði sínum aðallega á hendur Benedikt Kristinssyni, til vara á hendur Iceland incoming ferðum ehf. og til þrautavara á hendur Vulkan Resor AB, enda hafi stefnandi ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um það hver hinna stefndu sé skuldari kröfu stefnanda.

Kröfu sinni til stuðnings vísar stefnandi til almennra meginreglna kauparkröfu- og samningaréttar, einkum til reglna um loforð og efndir fjárskuldbindinga, að hönd selji hendi, að samninga skuli halda o.fl. en þessar reglur fá m.a. stoð í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 og lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000. Krafa um dráttarvexti er reist á 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Um aðild málsins og varnarþing vísast til 2. mgr. 19. gr. og 1. ml. 1. mgr. 32., 35. og 42. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þá byggir stefnandi kröfu sína um málskostnað á 129. og 130. gr. sömu laga.

*Málsástæður aðalstefnda vegna varakröfu um sýknu vegna aðildarskorts*

Aðalstefndi, Benedikt Kristinsson. mótmælir því að hafa gert nokkurn samning við stefnanda um ofangreint verk og segir atvik vera þau að Icelandic Incoming Fferðir ehf, sem sé félag í hans eigu og varastefndi í máli þessu, hafi gert kaupsamning um eignir á Tryggvagöturéitnum, með fyrirvara um fjármögnun verksins. Ekki hafi tekist að tryggja fjármögnun sammingsins og því hafi ekkert orðið af kaupunum.

Áður en það hafi legið fyrir hafi aðalstefndi hins vegar boðið stefnanda að koma að hönnun framkvæmda ef það tækist að tryggja fjármögnun þess, og hafi orðið að samkomulagi þeirra í milli að stefnandi fengi 3% af byggingarkostnaði í þóknun ef af verkinu yrði. Þá kveðst Benedikt hafa óskað eftir grófum upplýsingum frá stefnanda um það hversu mörgum hótélherbergjum væri unnt að koma fyrir á reitnum. Ekki hafi verið samið um verð fyrir þá vinnu, engin verkbeiðni hafi verið send og ekki hafi verið rætt um umfang verksins. Hafnar hann algerlega greiðslu reiknings stefnanda.

Aðalstefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að um aðildarskort sé að ræða, sbr. 2 mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Vísar aðalstefndi þá til þess að ekkert sammings og/eða viðskiptasamband hafi verið á milli aðalstefnda og stefnanda. Aðalstefndi sé fyrirsvarsmáður varastefnda og þegar hann átti í samskiptum við stefnanda, þá var voru þau samskipti f.h. Icelandic Incoming ehf., enda hafi það félag gert kauptilboð í Tryggvagöturéitinn.

Aðalstefndi kveðst því aldrei verið persónulega í samskiptum við stefnanda. Þá hafi aðalstefndi aldrei óskað persónulega eftir tilteknu vinnuframlagi úr hendi stefnanda eins og haldið er fram í greinargerð og er því mótmælt sérstaklega. Telur aðalstefndi að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu. Þá hafi engin gögn hafa verið lögð fram sem staðfesti greiðsluskýldu aðalstefnda og/eða réttarsamband milli aðila.

Aðalstefndi vísar til þeirrar meginreglu samningaréttar að aðili verði ekki skuldbundinn með einhliða yfirlýsingu eða aðgerð annars aðila. Þá hafi það staðið nær stefnanda að tryggja stöðu sína gagnvart aðalstefnda með að fá skriflega staðfestingu fyrir hinni umþrættu greiðsluskuldbindingu, enda sé stefnandi arkitektarstofa með sérþekkingu á rekstri og samningagerð í aðdraganda verkefna, auk þess sem það sjáist það í fyrri samskiptum að það sé viðtekin venja hjá stefnanda að senda samninga til undirritunar.

Í öðru lagi krefst stefnandi sýknu á þeim grundvelli að ekkert kröfuréttarsamband sé á milli aðila. Stefnandi hafi aldrei gefið út reikning á hendur aðalstefnda, þrátt fyrir að stefnanda hafi borist upplýsingar um að vinnan hafi verið unnin í nafni aðalstefnda sjálfs, eins og tiltekið sé í stefnu. Enginn reikningur sé því að baki dómkröfu á hendur aðalstefnda og hefur þar að leiðandi engin

greiðsluskylda stofnast og er því kröfu um dráttarvexti sérstaklega mótmælt.

Stefnandi vísar til þess að í gögnum málsins sé einungis lagður fram einn reikningur, sem stefnandi gaf út á hendur þrautavarastefnda, Vulkan Resor. Með tilliti til þess sé ljóst að engin greiðsluskylda hafi myndast á milli aðalstefnda og stefnanda, þar sem stefnandi hefur ekki gefið út neinn reikning á hendur stefnanda. M.t.t þess er ljóst að sýkna ber aðalstefnda þar sem ekkert kröfuréttarsamband er á milli aðila.

Ef dómurinn telur að komist hafi samningur á milli aðalstefnda og stefnanda, krefst aðalstefndi sýknu á þeim grundvelli að samkomulag hafi verið um að stefnandi fengi greitt í samræmi við hlutfall af byggingarkostnaði ef fjármögnun næðist. Slíkt samkomulag hafi jafnframt verið um fyrra verkefni milli aðila varðandi Laugaveg 55 og var aldrei greitt vegna þess verkefnis, þar sem ekkert varð af verkefninu.

*Málsástæður aðalstefnda vegna kröfu til þrautavara um stórlega lækkun á kröfu stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður*

Fari svo að máli þessi verði ekki vísað frá eða stefndi verði ekki sýknaður þá krefst aðalstefndi þess til þrautavara að kröfur stefnanda verðir stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Ef dómurinn telur að samningur hafi komist á milli aðalstefnda og stefnanda, er ljóst að aðalstefndi óskaði aldrei eftir umþrættum teikningum. Telur aðalstefndi það hafa endurspeglast ítrekað í tölvupóstsamskiptum milli aðila. Þvert á móti þá hafi varastefndi Iceland Incoming ehf. óskað eftir grófum upplýsingum um hversu mörg hótélherbergi væri unnt að hafa á Tryggvagöturéitnum, sem stefnandi upplýsti að hann myndi senda honum. Var aldrei samið um verð fyrir þá vinnu, né farið yfir umfang verksins, né lá fyrir formleg verkbeiðni með lýsingu á umfang verksins. Enda hélt varastefndi að hann myndi fá svar í formi tölvupósts með grófri áætlun.

Aðalstefndi telur að stefnandi geti ekki farið í eins umfangsmiklar aðgerðir og raun ber vitni á grundvelli slíkrar óformlegrar beiðni, án þess að leita skriflegrar staðfestingar áður á eðli og umfangi verksins. Auk þess að upplýsa um kostnað og tímagjald. Verði stefnandi að bera hallann af því að hafa ekki gert það. Sérstaklega m.t.t. að stefnandi er að veita honum upplýsingar í öðru formi en hann óskaði eftir, með verulegum kostnaði.

Þá mótmælir aðalstefndi fjárhæð dómkröfu á hendur sér og ítrekar að enginn reikningur liggi fyrir á hendur honum vegna málsins. Auk þess sé kostnaðurinn ósanngjarn með tilliti til eðlis upplýsinganna sem varastefndi óskaði eftir, þ.e. um hversu mörgum hótélherbergjum væri unnt að koma á reitinn. Stefnanda hafi verið ljóst að hann vildi einungis fá upplýsingarnar í gegnum

tölvupóst. Stefnanda var jafnframt ljóst að varastefndi var ekki búinn að fá fjármögnun vegna reitsins og hann ætti ekki að hefja neina formlega vinnu fyrir en fjármögnun næðist. Mátti honum a.m.k. vera það ljóst m.t.t. fyrri samskipta varðandi Laugaveg 55. Af þeim sökum verði stefnandi að bera kostnað umfram þann kostnað sem varastefndi óskaði eftir, þ.e. að meta hversu mörg herbergjum unnt væri að koma á reitinn. Óskað er eftir að dómurinn meti þann kostnað að álitum.

Þá mótmælir aðalstefndi tímagjaldi samkvæmt reikningi sem stefnandi gaf út 26. nóvember 2014, þ.e. kr. 12.000 ISK. Frá því samskipti stefnda við stefnanda hófust árið 2013, hafi stefnandi aldrei kynnt aðal-, vara, eða þrautavarastefnda fyrir gjaldskrá arkitektastofunnar. Þá hafi aldrei samið um tímagjald, enda hafi fjármögnun ekki verið komin í gegn og ekki tilefni að hefja neina vinnu fyrir en fjármögnun væri í höfn.

Aðalstefndi telur að stefnandi geti ekki einhliða ákveðið tímagjald kr. 12.000 án vsk. og telur aðalstefndi það ekki sanngjarnt endurgjald sbr. 28. gr. laga nr. 42/2000, um þjónustukaup. Auk þess sé það ekki í samræmi við tímagjaldið sem tilgreint er í drögum að hönnunarsamningi aðila vegna Laugavegar 55 en þar sé það kr. 10.000 án vsk. Þá mótmælir aðalstefndi tímaskýrslum sem lagðar hafa verið fram. Á tímabilinu sem menn voru í samskiptum hafi reikningur aldrei verið sendur aðalstefnda, hvorki fyrir né síðar. Þá hafi tímaskýrsla vegna meintrar vinnu aldrei verið send og aðalstefndi hafi fyrst séð hana við þingfestingu málsins.

Óumdeilt er að ekki liggi fyrir neinn samningur milli aðila, enda hafi varastefndi talið að samkomulag væri milli aðila um að borgað yrði sem hlutfall af byggingarkostnaði ef fjármögnun gengi í gegn. Þar sem fjármögnunin fór ekki í gegn í tengslum við Tryggvagöturéitinn, myndaðist engin greiðsluskylda, enda átti ekki að vera búð að hefja neina vinnu fyrir en fjármögnunin væri í höfn. Aðalstefndi telur það hafa verið á áhættu stefnanda að hafa hafið hugmyndavinnuna áður en fjármögnun var lokið, án beiðni eða heimildar varastefnda. Ljóst sé að engin slík beiðni kom frá aðalstefnda og þrautavarastefnda.

Aðalstefndi bendir á að þegar varastefndi Iceland Incoming ehf. upplýsti stefnanda um að fjármögnun hefði ekki náðst í gegn hafi verið ljóst að ekkert yrði af samstarfi milli varastefnda og stefnanda. Sendi stefnandi þá Benedikti Kristinssyni póst og óskaði eftir upplýsingum um hvert hann ætti að senda reikning vegna meintrar vinnu. Sem fyrir greinir hafi varastefndi mótmælt því sem fyrir greinir harðlega og tiltekið að aldrei hefði verið óskað eftir umræddri þjónustu. Það hafi ekki verið fyrir enn ljóst var að fjármögnunin næði ekki í gegn, sem stefnandi fór að óska eftir endurgjaldi fyrir sína vinnu. Enda ljóst að hann fengi ekkert greitt í samræmi við hlutfall byggingarkostnaðar, þar sem ekkert varð af verkefninu.

Aðalstefndi hefur aldrei fengið útgefinn reikning á hendur sér, þrátt fyrir að stefnandi haldi því fram í greinargerð að hann sé verkkaupi.

Aðalstefndi vísar til þess að hann hafi aldrei óskað eftir umþrættum upplýsingum um fjölda herbergja á reitnum, heldur var það varastefndi. Ef dómurinn telur að aðalstefndi hafi óskað eftir umþrættum upplýsingum er óskað eftir að dómurinn lækki dómkröfuna að álitum.

Af hálfu aðalstefnda er því mótmælt sérstaklega að stefnandi sé að krefjast þóknunar fyrir samskipti við opinbera aðila en í tölvupósti dags. 8. október 2014, þar sem fyrirvarsmaður stefnanda er í samskiptum við starfsmann minjastofnunar. Samkvæmt tímaskýrslu eru 8 tímar samtals skráðir, vegna fyrrgreindrar vinnu, dagana 8 og 9. október eða samtals kr. 96.000 án/vsk sem krafist er að komi til lækkunar jafnframt, þar sem sú vinna fór fram án umboðs og/eða heimildar og/eða fyrirmæla aðal- vara- og/eða þrautavarastefnda.

Þá mótmælir aðalstefndi kröfu um dráttarvaxtakröfu stefnanda þar sem enginn reikningur hafi verið gefinn út á hendur aðalstefnda og því hefur engin gjalddagi eða eindagi stofnast og/eða útskattur. Hefur þar að leiðandi engin greiðsluskylda myndast. Þar að leiðandi er ótækt að krefjast dráttarvaxta á hendur aðalstefnda. Er vaxtakrafan því svo vanreifuð að vísa ber henni frá dómi.

Ef ekki er fallist á frávísun vaxtakröfu, þá mótmælir stefndi upphafstíma dráttarvaxta og krefst stefndi þess að dómari miði dráttarvexti við dómsuppsögu fari svo ólíklega að kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Þá mótmælir aðalstefndi kröfu um virðisaukaskatt. Þar sem enginn reikningur hefur verið útgefinn á hendur aðalstefnda og varastefnda, þá hafi hafi engin greiðsluskylda myndast og hefur enginn út/innskattur myndast. Þá virðist sem dómkrafan hafi breyst undir rekstri málsins. Í innheimtviðvörðun, dags. 21. desember 2015, hafi krafan verið innheimt án virðisaukaskatts og sérstaklega tiltekið í sundurliðuninni að virðisaukaskattur væri 0,- kr. Í stefnu sé hins vegar búið að bæta við virðisaukaskatti, þrátt fyrir að ekki hafi verið gefinn út reikningur á hendur aðalstefnda og varastefnda. Óheimilt er að innheimta virðisaukaskatt án þess að útgefinn hafi verið reikningur, sjá m.a. 18. gr. og 7. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Þá ber að geta þess að jafnframt er verið að innheimta Vulkan Resor um virðisaukaskatt, en félagið er ekki virðisaukaskattskyldt hér á landi.

Með vísan til þessa er þess krafist að dómkrafan verði lækkuð um kr. 373.320 sem nemur virðisaukaskatti.

Um lagarök vegna varakröfu vísar aðalstefndi til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og almennra meginreglna kaupa-, kröfu- og samningaréttar. Varðandi þrautavarakröfu vísar aðalstefndi til laga nr. 42/2000, um

þjónustukaup, og laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sérstaklega 18. gr. og 7. mgr. 21. gr. Um málskostnaðarkröfu vísar aðalstefndi til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

#### *Málsástæður varastefnda Iceland Incoming ferða ehf. og Vulkan Resor AB*

Málsástæður varastefnda Icelandic Incoming ferða ehf. og Vulkan Resor AB eru í öllum meginatriðum þær sömu og málsástæður aðalstefnda og þykir því ekki ástæða til að rekja þær sérstaklega. Af hálfu varastefnda og þrautavarastefnda er enn fremur vísað til sömu lagaraka.

#### **IV. Niðurstaða**

Ágreiningur þessa máls lýtur í meginatriðum að því hvort stefnandi eigi rétt á greiðslu vegna hönnunarvinnu sem hann annaðist í tengslum við áform um byggingu hótels á svonefndum Tryggvagöturéit. Hefur stefnandi beint kröfu sinni af þessu tilefni aðallega að stefnda Benedikt Kristinssyni, en að honum frágengnum Iceland Incoming ferðum ehf. til vara og þrautavara Vulkan Resor AB, en stefnandi er fyrirvarsmaður beggja félaganna.

Stefndi, sem og vara- og þrautavarastefndi, hafa allir mótmælt kröfum stefnanda og þeim málsástæðum sem hann byggir á. Að því er varðar aðild þeirra að málinu benda stefndu hver á annan og vill enginn þeirra reynd kannast við að hafa óskað eftir þeirri vinnu stefnanda sem ekki er þó deilt um að hann innti af hendi og krefst nú greiðslu fyrir. Þá kannast þessir aðilar ekki við að þeir beri að öðru leyti ábyrgð á því að stefnandi fái greitt fyrir sömu vinnu.

Ljóst er að stefnandi gerði ekki skriflegan samning við neinn þeirra aðila sem hann beinir nú kröfum sínum að. Verður af þeim sökum að taka afstöðu til þess hvort draga megi þá ályktun af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu að samningur hafi tekist milli stefnanda og einhvers þessara aðila um að stefnandi tæki að sér hönnunarvinnuna og fengi greitt fyrir hana í samræmi við kröfu sína.

Þegar leyst er úr þessu atriði verður einkum litið til þeirra tölvupóstsamskipta fyrirvarsmanns stefnanda og aðalstefnda Benedikts Kristinssonar sem fyrir liggja í málinu og rakin eru í kafla II hér að framan.

Að mati dómsins verður ótvírætt ráðið af þessum samskiptum að stefnandi vann ýmiss konar hönnunarvinnu í tengslum við áform um byggingu hótels á Tryggvagöturéitnum. Í ljósi efnis tölvupóstanna og fylgiskjala þeirra verður jafnframt að telja ljóst að aðalstefnda Benedikt hafi verið kunnugt um þessa vinnu.

Aðalstefndi, sem og vara- og þrautavarastefndi, hafa byggt á því í málinu að stefnandi hafi tekið að sér þessa vinnu á eigin áhættu og að greiðsla fyrir hana hafi verið háð þeirri forsendu að aðalstefnda, eða eftir atvikum, vara- eða

þrautavarastefnda, tækist að kaupa eignir á Tryggvagöturéitnum og reisa þar hótél.

Hvað þetta atriði varðar þá telur dómurinn að ekki verði annað séð af þeirri hönnunarvinnu sem stefnandi innti af hendi, sbr. þær teikningar sem stefnandi sendi aðalstefnda, en að ætlunin með henni hafi verið að sýna fram á mögulegt nýtingarhlutfall hótels á reitinum og þar með arðsemi fjárfestingarinnar.

Slík vinna hlýtur að jafnaði að teljast mikilvægur þáttur í tilraunum að afla fjármögnunar til verkefnis af því tagi sem aðalstefndi hafi áform um og leggja mat á hvort ráðist verði í framkvæmd þess. Í ljósi þessa verður það teljast afar óvenjulegt að stefnandi taki að sér slíka vinnu á eigin áhættu, enda væri slíkur samningur mjög óhagstæður fyrir hann. Af þeim sökum verður að leggja til grundvallar að stefndu beri sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum að þessu leyti.

Við mat á staðhæfingum stefndu verður ekki hjá því litið að gögn málsins renna ekki neinum stoðum undir þennan málalíbúnað þeirra. Þannig verður ekki séð af tölvupóstsamskiptum aðila frá og með júlí 2014 að aðalstefndi Benedikt hafi sett neina fyrirvara um greiðslur til stefnanda fyrir vinnu sína. Að þessu leyti voru samskipti aðila með öðrum hætti en viðræður þeirra í tengslum við fasteignina að Laugavegi 55, en þar gerði aðalstefndi berum orðum fyrirvara um að enginn kostnaður skyldi falla til af vinnu stefnanda nema áætlanir þeirra um fasteignina gengu eftir.

Í ljósi þessa hefði stefnda verið í lófa lagið að hafa sambærilega fyrirvara gagnvart vinnu stefnanda að því er snerti áform stefnanda um að reisa hótél á Tryggvagöturéitnum. Þá verður enn fremur að líta til þess að af gögnum málsins verður ekki ráðið að aðalstefndi hafi nefnt meinta fyrirvara sína í samskiptum sínum við stefnanda fyrr en í tölvupósti til stefnanda 1. desember 2014, en þá var um hálfur annar mánuður liðinn frá því að stefnandi óskaði fyrst eftir greiðslu. Stefnandi hafði í millitíðinni sent aðalstefnda tölvupósta sem tengdust greiðslu 21. og 24. október 2014 án þess að séð verði að aðalstefndi hafi svarað þeim. Telja verður að honum hafi verið nærtækt að minna þegar í stað á meint fyrirvarabundið samkomulag aðila í tilefni af umleitunum stefnanda um greiðslu, hafi slíkt samkomulag á annað borð legið fyrir.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að telja að stefnandi hafi ekki mátt vænta annars en að hann fengi greitt fyrir vinnu sína eftir því sem almennt tíðkast í viðskiptum. Jafnframt verður að telja ljóst að samskipti stefnanda og aðalstefnda, og eftir atvikum varastefnda og þrautavarastefnda, fóru fram í tengslum við atvinnustarfsemi. Málsástæður stefndu með vísan til laga nr. 42/2000, um þjónustukaup, eiga því ekki við í máli þessu, enda taka þau lög einungis til samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna.

Að því er varðar sjónarmið stefndu um fjárhæð sammingsins þá verður ekki annað séð en að samskipti aðila, sem allir voru í atvinnustarfsemi, hafi veitt stefndu fullt tilefni til að bregðast við og óska eftir skýringum stefnanda á vinnu hans ef einhver þeirra taldi að stefnandi færðist of mikið í fang. Það gerðu stefndu hins vegar ekki. Verða þeir af þeim sökum að bera hallann af skorti á sönnun um efni sammingsins að þessu leyti.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og þegar haft er í huga að ekkert er komið fram í málinu sem bendir til þess að tímaskýrslur stefnanda séu rangar hefur dómurinn ekki forsendur til annars en að leggja fjárhæð reiknings stefnanda til grundvallar úrlausn málsins, sbr. meginreglu 45. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Er þá horft til þess að stefndi hefur ekki fært fram nein rök eða gögn um að það endurgjald sem stefnandi áskildi sér hafi verið ósanngjarnt miðað við það vinnuframlag sem hann innti af hendi.

Aðalstefndi Benedikt hefur auk þess krafist sýknu í málinu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Ljóst er að þau samskipti sem lýst var hér að framan voru alfarið á milli stefnanda og aðalstefnda Benedikts Kristinssonar. Þar sem Benedikt er hins vegar jafnframt eigandi og fyrirsvarsmáður varastefnda Iceland Incoming ferða ehf. og Vulkan Resor AB verður þó að leysa úr því hvort sú skuldbinding sem dómurinn telur að hafi stofnast vegna samskipta Benedikts og stefnanda hafi verið við hann persónulega, eða annaðhvort þessara félaga.

Að því er snertir varastefnda Iceland Incoming ferðir ehf. þá fær dómurinn ekki séð af gögnum málsins að umrætt félag hafi nokkru sinni komið fram sem viðsemjandi stefnanda í tengslum við vinnu hans vegna Tryggvagötureitsins né að félagsins hafi verið getið í því sambandi. Sökum þessa og þar sem ekki verður séð að stefnanda hafi nokkru sinni verið kynnt félagið nema í drögum að hönnunarsamningi vegna Laugavegs 55, sem var annað verkefni og á öðrum forsendum eins og fyrr er rakið, verður að telja ljóst að það félag sé ekki réttur aðili málsins.

Í þessu samhengi verður ekki talið að það hafi þýðingu þótt félagið hafi verið tilgreint sem tilboðsgjafi í kauptilboði vegna Tryggvagötureits, dags. 5. september 2014. Ekki verður ekki séð að stefnanda hafi nokkru sinni verið kynnt þetta tilboð, auk þess sem gildi tilboðsins var háð þeirri forsendu að unnt væri að fjármagna verkefnið. Óumdeilt er að vinna stefnanda fór fram áður en það atriði lá fyrir.

Ljóst er að þegar litið er til gagna málsins þá taldi stefnandi hugsanlegt að þrautavarastefndi Vulkan Resor AB væri viðsemjandi hans, enda var reikningur hans vegna vinnu, dags. 26. nóvember 2014, upphaflega stílaður á það félag, auk

Þess sem netfang sem aðalstefndi Benedikt notaði í samskiptum við stefnanda var merkt félaginu.

Af samskiptum aðila vegna Tryggvagötureitsins verður hins vegar ekki ráðið að gert hafi verið ráð fyrir aðkomu félagsins Vulkan Resor AB með beinum hætti að verkefninu. Þannig er félagsins aðeins getið einu sinni í tölvupósti Benedikts frá 23. júlí til stefnanda, þar sem nefnt er að viðskiptavinir félagsins myndu fylla hótelið að einum þriðja. Aðalstefndi Benedikt bar enn fremur í skýrslutöku fyrir dómi að hann hafi ekkert umboð haft til að skuldbinda félagið.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið verður því að leggja til grundvallar að með samskiptum sínum við stefnanda hafi aðalstefndi Benedikt skuldbundið sig persónulega gagnvart stefnanda. Er það því niðurstaða dómsins að sú skuldbinding sem stofnaðist vegna þeirra samskipta og lýst hefur verið hér að framan hafi aðeins tekið til Benedikts og hann beri því persónulega ábyrgð á efdum hennar. Telst hann því réttur aðili málsins og reynir því ekki á aðild varastefnda Iceland Incoming ferða ehf. og Vulkan Resor AB.

Samkvæmt öllu framangreindu verður fallist á kröfu stefnanda. Með hliðsjón af atvikum málsins og með vísan til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 verða dráttarvextir aðeins dæmdir frá og með mánuði eftir dagsetningu innheimtubrúf stefnanda til stefndu 26. nóvember 2016, svo sem nánar greinir í dómsorði. Að mati dómsins hefur það ekki þýðingu í þessu sambandi þótt stefnandi hafi gefið út upphaflegan reikning á annan aðila en aðalstefnda Benedikt, enda er ekki ágreiningur um það í málinu að Benedikt var sendur reikningurinn og var þar með fullkunnugt um efni hans. Þá telur dómurinn að sama gildi um kröfu stefnanda um að reikningurinn verði greiddur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Eftir úrslitum málsins verður aðalstefndi Benedikt dæmdur til að greiða málskostnað stefnanda sem þykir hæfilega ákveðinn, að teknu tilliti til umfangs málsins, 850.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Hlynur Ólafsson hdl. flutti málið af hálfu stefnanda en Guðbrandur Jóhannesson hdl. fyrir aðalstefnda, sem og varastefnda og þrautavarastefnda.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

## **D Ó M S O R Ð**

Stefndi, Benedikt Kristinsson, greiði stefnanda 1.837.320 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 26. desember 2014 til greiðsludags.

Aðalstefndi greiði stefnanda 850.000 krónur í málskostnað. Málskostnaður milli stefnanda og varastefnda og þrautavarastefnda fellur niður.

Kjartan Bjarni Björgvinsson (sign.)

-----  
Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur 7.12.2017

Gjald 2250 krónur.

Greitt.